

VÍSINDI OG TRÚ

I

Í grein um Kyrrahafsstýrjöldina* hefi ég getið þess hvernig hinn mikli vísindamaður og ritsnillingur Macmillan Brown, telur að mannkynið sé á glötunarvegi, jafnvel þó að hann sé ekki í vafa um, að stýrjöld þeirri milli Japans og Bandaríkjanna sem hann segir (1925) að í vændum sé innan skamms, muni ljúka með sigri Bandaríkjanna. Hann er þó ekki alveg vonlaus um viðreisn hins hvíta mannkyns og nefnir þar þann möguleika, að forn trú — og mun hann þar fyrst og fremst eiga við kristna trú — blossi upp aftur. Að vísu telur hinn mikli vitringur líklegra, að eitthvað annað, alveg óvænt, muni verða til að bjarga, en þó er vert að veita því eftirtekt, hve mjög vísindamenn og heimspekingar hafa á þessum síðustu árum, eftir að bók Macmillan Browns kom út, snúið sér að því að athuga framtíð trúarbragðanna og afstöðu þeirra til vísindanna. Þannig er í bókinni „My Philosophy“ (Heimspeki mín) eftir Sir Oliver Lodge, kafla sem heitir „Religion and Science“ (Trúarbrögð og vísindi), og er það að vísu þynnsti kaflinn í hinni merku bók. Meira þykir mér koma til ritgerðar í Nature, 9. nóv. 1940, sem heitir „Science and Religion“, og er eftir Albert Einstein, þann vísindamann sem meira hefir verið ritað um en nokkurn annan á vorum dögum. Þykir mér það merkilegast í grein Einsteins, að hann varar við að trúa á persónulegan guð og segir, að án vísindanna sé trúin blind.

Ekkert af því sem ég hefi lesið sýnir þó á eins eftirtektarverðan hátt afstöðu vísindamanns á vorum dögum til trúarbragðanna og nauðsynina á hinni nýju stefnu „Ultra reli-

*) Handritið að þessari grein hefir því miður tapast.

gionem non contra“, og ritgerðirnar „Religion as objective problem“, og „Life can be worth living“ í bókinni „Man the Unique“ (1941), eftir Julian Huxley. Er mikilsvert að kynnst skoðunum þessa merka dýrafræðings, sem er eins hámenntaður og búast mátti við af manni þannig ættuðum; var faðir hans Leonard Huxley, latínuskólarektor, en afi Th. H. Huxley, einn af ágætustu náttúrufræðingum sinnar samtíðar, og einnig orðlagður fyrir ritsnilld. J. Huxley er, ef unnt væri, ennþá sannfærðari en Macmillan Brown um, að ekki sé neinnar endurvakningar hinna fornu trúarbragða að vænta, ef ekki komi yfir nýjar myrkraaldir; en þessi framtíðartrúarbrögð sem hann telur líkleg, eru skrambi skrítin, og minna nokkuð á Esters bók, því að í þeim er enginn guð og ekkert framlíf einstaklingsins. En margir hinir menntuðustu menn vorra daga, munu þó raunar hugsa nokkuð líkt og Huxley, þó að þeir láti það ekki eins skýrt og hreinskilnislega í ljós.

„Ég trúi ekki á tilveru guðs eða guða“ — segir Huxley, s. 293. Og s. 282: „Guð ásamt guðum, englum, vættum og öðru smáhyski andaheimsins, er mannleg framleiðsla, óumflýjanlegur árangur sérstakrar tegundar af fáfræði og úrræðaleysi gagnvart umheiminum.“ Og enn segir hann, s. 294: „Og líkt er því farið með ódauðleikann. Með þeim hæfileikum sem vér höfum nú, er engin leið fyrir oss til að svara þeirri spurningu afdráttarlaust, hvort vér lifum þótt vér deyjum, og því síður þeirri spurningu, hvernig slíku lífi mundi vera háttað. Og þar sem svo er mál með vexti, þá eyðum vér tíma og kröftum til ónýtis ef vér erum að gera það að viðfangsefni voru, hvernig lífinu verði helst varið til að ávinna sér velfarnan í öðru lífi.“

Huxley segir, óefað réttilega, að margir hafi lifað göfugu og nýtsömu lífi án þess að trúa á guð eða ódauðleika, og hann kveðst trúa því eindregið (s. 298), „að það dýrmætasta og æðsta sem alheimurinn hefir framleitt, séu mikilsverðir menn, eða a. m. k. sé slíkt hin æðsta og dýrmætasta framleiðsla alheimsins, sem oss er kunnugt um, eða vér getum, að því er virðist, öðlast nokkra vitneskju um.“

II

Það er nú að visu ekki að efa, að próf. Huxley hefir mikið til síns máls þar sem hann segir að guðir, englar, vættir o. s. frv., sé mannleg framleiðsla, óumflýjanlegur árangur sérstakrar tegundar af fráfræði. En þó er með slíku engan-vegin komið á vísindaleiðina. Því að það er ekkert annað en önnur tegund af vanþekkingu, að ímynda sér að þarna sé ekki um neitt annað að ræða en hugarburð fáfróðra manna. Og þau vísindi sem ekki geta gefið neinar aðrar upplýsingar um hinar svonefndu verur andaheimsins, eru ekki nægilega komin á framfaraleið, og komast það aldrei, ef ekki er greitt úr þessum vanda. En það er ekki gert fyrr en tekst að færa líffræðina út til stjarnanna. Liggur þá uppruni trúar og dulrænu opinn fyrir, og verður í augum uppi hversu verur þessar, sem of ófullkomin vísindi hafa talið hugarburð einn, eru í raun réttir íbúar stjarnanna. Getur þá ekki hjá því farið, þegar loks hefir hafst fram skilningur á þessu undirstöðuatriði, að áhuginn verði mikill um alla jörð á því að koma sambandinu við hina góðu íbúa stjarnanna í rétt horf, en forðast samband við hina illu. Og þá verður ljóst, að svo fjarri fer því, að vér hér á jörðu séum æðsta framleiðsla alheimsins, að vér erum hér á útjaðri, nokkurskonar alheimskotungar, og meira að segja svo illa staddir, að hin mesta hættu er á, að tilraunin til framfarahæfs lífs, fari hér alveg út um þúfur. En aðalorsök vandræðanna er sú hve sannleikurinn á hér á jörðu erfitt uppdráttar, jafnvel sá sannleikur sem er eins auðskilinn og eins ótvíræðlega hefir verið fyrir spáð og sá sem mér hefir auðnast að leiða í ljós.



Dr. Helgi Pjeturss 1928.